



1705174/304.00 SP

Erindisbréf öldungaráðs Kópavogs

I. Kafli

Skipan og umboð

1. gr.

Öldungaráð starfar í umboði bæjarráðs og á grundvelli 2. mgr. 38. gr., sbr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 140/1991, með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 774/2013, m.s.br. (bæjarmálasamþykkt) og eftir því sem lög mæla fyrir um.

2. gr.

Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum:

- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu kosnir af bæjarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af félagi eldri borgara. Fulltrúar þurfa ekki að vera félagsbundnir.
- Einn fulltrúi og einn til vara frá heilsugæslunni.

Bæjarstjórn kýs formann ráðsins en ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Skipunartími ráðsins fylgir kjörtímabili bæjarstjórnar. Starfsmaður menntasviðs og starfsmaður velferðarsviðs sitja fundi öldungaráðs og hafa þar málþreki og tillögurétt. Starfsmenn skipta með sér ritun fundargerða.

II. Kafli

Fundir og starfshættir

3. gr.

Öldungaráð skal að jafnaði funda þrisvar á ári, í byrjun árs, að vori og að hausti, auk opins fundar árlega með Félagi eldri borgara. Heimilt er að halda einn aukafund á ári ef þörf er á.

Formaður boðar til funda í samráði við starfsmann. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast. Formaður stýrir fundum. Á dagskrá skulu tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði ráðsins. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem formenn bæjarstjórnar, bæjarráðs eða fastanefnda óska eftir að ráðið fjalli um.

Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.



Um fundarsköp fer eftir bæjarmálasamþykkt eftir því sem við á.

Öldungaráð getur óskað eftir að einstaka starfsmenn Kópavogsbæjar mæti til fundar, sem og aðrir sem ráðið telur þörf á hverju sinni.

4. gr.

Fundur öldungaráðs skal haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til menntaráðs og velferðarráðs.

5. gr.

Gert er ráð fyrir að menntaráð og velferðarráð eigi fund með öldungaráði árlega. Þá er þess ennfremur vænst að ráðið leggi fram skýrslu um starfsemi sína og kynni.

Sviðin tryggja þátttakendum stuðning og þjálfun til virkrar þátttöku í ráðinu.

III. Kafli

Hlutverk og markmið

6. gr.

Hlutverk öldungaráðs er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn og nefndir og ráð Kópavogsbæjar um hagsmuni aldraðra þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða, framkvæmd hennar og þróun. Ráðið stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli aldraðra og bæjaryfirvalda um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða aldraða.

Markmiðið með starfi ráðsins er að bæta þjónustu við aldraða í Kópavogi með virkri aðkomu aldraðra að skipulagi og mótun þjónustunnar.

7. gr.

Hlutverk öldungaráðs er einkum að:

1. Vera ráðgefandi um áætlanagerð í málefnum aldraðra í Kópavogi, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
2. Vera ráðgefandi við gerð reglna um þjónustu við aldraða.
3. Fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustu við aldraða í Kópavogi í samráði við notendur hennar, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga.

Ráðið fjallar ekki um málefni einstaklinga.

Gildistaka

8. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs og tekur gildi 25. júní 2019.